

Fjarðabyggð
Búðareyri 7
730 REYÐARFJÖRÐUR

Garðabær, 1. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0028
SS

Efni: Umsögn um skipulags- og matslýsingu og vinnslutillögu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar, dags. 11. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu og tillögu á vinnslustigi um breytingu á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 er varðar skilmála um skógrækt.

Breytingin felur í sér að almenn heimild fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum fer úr 200 hektörum í 50 hektara. Þetta þýðir að stærri áform um skógrækt en 50 ha munu krefjast breytingar á aðalskipulagi með tilheyrandi lögbundnu kynningar- og samráðsferli.

Náttúrufræðistofnun telur þessa breytingu vera til bóta enda 50-200 hektara landsvæði töluvert stór og þær breytingar á landslagi og náttúrufari sem verða við skógrækt geta því verið umtalsverðar á svæðum af þeim toga. Með þessari breytingu á aðalskipulagsskilmálum verður tryggt að skógræktaráform á 50 til 200 hektara svæðum muni fá umfjöllun og rýni m.a. með tilliti til umhverfisáhrifa s.s. áhrifa á fuglalíf, gróðurfar, jarðminjar, landslag o.fl. sem að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Starfsheiti

